




Hvert er leyndarmálið við að halda sér svo vel hálfímtug?: „Syngið, svitnið, öskrið, stökkvið og dansið í 20 ár, og þið munuð jafnvel virðast ódaðleg“, segir Tina Turner og glottir við tönn í svitastorknum kjól.

Tina

Tina Turner, eða Annie Mae Bullock, er enginn nýgræðingur í sönglistinni. Hún er fædd 26. nóvember 1939, verður því 45 ára eftir nokkra daga. Eins og svo margir söng- og tónlistarmenn úr röðum blökkumanna Ameríku, hóf hún feril sinn sem söngvari í kirkju, þar sem faðir hennar var prestur babtistasafnaðar. Nú er Tina hinsvegar Búddisti.

Tina Turner hitti fjöhljóðfæraleikarann Ike Turner árið 1956, og söng sitt fyrsta lag opinberlega með hljómsveit hans í klúbbi einum í St. Louis. Tina, þá kölluð Little Ann, steig þar upp á sviðið öllum að óvörum og tók að syngja með sveitinni. Það var ekki að sökum að spyrja, Ike réð hana og 1958 voru þau gift.

Fyrsta plata þeirra kom út 1960, undir nafninu Ike og Tina Turner. Hún innihélt lagið *A fool in love* sem komst í 2. sæti ryþma- og blús listans í USA. Tina varð þar með miðpunktur sjómennsku þeirra hjóna með níu manna hljómsveit á bak við sig og þriggja kvenna fáklað bakraddaband, The Ikettes.


Sviðsframkoma Tinu vakti athygli fyrir hve geysi kröftug og mögnuð hún var (og er víst enn), þar sem hún fór sér að öllu óðslega, svo vel að enginn þótti standa henni á sporði. Mick Jagger er eitt dæmi um rokkara sem reynt hefur að taka upp stíl og takta Tinu á sviði, en verður lítið annað en klaufalegur í samanburði við hana.

Eins og flestum er líklega kunnugt, kom út ekki alls fyrir

Ike og Tina Turner. Tina yfirgaf hann á miðju hljómléikaferðalagi árið 1976 eftir að hann hafði lagt hendur á hana, og með 35 sent og benzínkrítarkort í vasanum hóf hún sólóferil sinn. Í hjónabandi sínu ólu þau upp 4 syni, 1 áttu þau saman, Tina kom með 1 í hjónabandið og Ike 2.

löngu plata með heiðurskvinnunni og kallast *Private Dancer*. Hún geymir tíu lög sem eiga það eitt sameiginlegt að vera vel sungin. Þarna er að finna lagið hans John Lennon, Help, í nýrri útsetningu öllu hægari í sáltempói. Lumman hans Als Green, *Lets stay together*, 1984 hans Davids Bowie, *Private Dancer* sem Mark Knopfler hefur samið og telja verður eitt besta lag þessarar plötu, ásamt hinu hraða *Steel Claw* en bæði síðasttöldu lögin eru krydduð gítarsólói Jeffs Beck. Þá er að nefna *What's love got to do with it*, sem er eitt besta popplag í langan tíma og hefur gert það gott.

Nánari sálmar verða ekki sungnir hér yfir þessari afurð Tinu Turner, aðeins minnt á gæði hennar sem liggja kannski helst í þeim tjáningarmætti sem rödd



Tinu býr yfir. Líklega hefur Tina Turner ekki fyrr sýnt á einni og sömu plötunni eins blæbrigðaríkan söng og á *Private Dancer*, en slíka viskírödd og það eins kraftmikla og Tina er með er auðvelt

og jafnvel freistandi fyrir söngvara að ofnota á fullum styrk. Þess má loks til gamans geta, að Janis heitin Joplin var mikill aðdáandi Tinu Turner.

A ♀

David alltaf snjall

Nýjasta platan hans Davids Bowie verður víst ekki talin til hans bestu verka. Þó er það svo að undirrituð kann betur við hana en þá þar á undan, *Let's dance*, en þá er á að líta, að hann hefur aldrei verið mitt átrúnaðargoð þó að snilli hans fari ekki á milli mála. Er svo enn og þessi nýjasta plata Davids er langt fyrir ofan meðallag í rokk- og popptónlistinni enda þótt David standi nú heldur lakar að vígi gagnvart sjálfum sér.

Tonight heitir skífan og hafa útvarpshlustendur orðið allvarir við lagið *Blue Jean*, sem mér að visu finnst lakasta eða kannski leiðinlegasta og jafnframt eina leiðinlega lagið á plötunni. Tvær gamlar lummur hefur David útsett upp á nýtt, *I keep forgettin'*, sem lagasmíðirnir gamlaeyndu

Leiber og Stoller sömdu 1962, og svo Beachboys-lagið góða *God only knows*. Harla gott, en einkum gleðst hjartað af fyrrnefnda laginu.

Þá eru ótalin 6 lög sem eru hvert öðru betra, einkum *Loving the Alien*, þar sem David Bowie gagnrýnir trúarbragðastríð – í þessu tilfelli gyðinga og múhammedstrúarmanna, og *Tumble and twirl*, sem hann semur með Iggy Pop. Sá kemur frekar til sögu þessarar plötu sem lagasmíður og tekur undir með David í *Dancing with the Big boys*. Þá kemur vin-kona okkar Tina Turner við söng titillagsins og skemmir ekki fyrir.

Við fyrstu yfirferð virkar *Tonight* nokkuð samhengislaus en með tímanum spái ég að eyru og sál meti vel og sætti öll lagasýnishorn skífunnar, þar sem David



minnir okkur á í einni bunu svo ólíka menn sem Bob Marley (*Don't look down*) og Scott Walker – ef einhver man nú eftir þeim alvarlega hjartaknúsa (*God only knows*), auk þess að vera í sínu eigin Bowie líki.

A

MYNDLIST

Eldlönd Ásgerðar

„Ásgerður Búadóttir hefur orðið til þess, fremur en nokkur annar vefari, að breyta allri ásynd íslenskrar vefjarlistar. Verk hennar skipa sér á algerlega eðlilegan hátt við hlið málverka, höggmynda og annarra tjáningarforma „frjálsrar listsköpunar í íslensku samfélagi. Því marki hefur hún náð vegna hinnar nákvæmu og ströngu kröfu sem hún hefur sett sér, afneitunar hverskonar undansláttar og ákveðni í að virða að fullu hin sömu fagurfræðilegu lögmál og starfsfélagar hennar á sviði málverksins“. Svo kemst Aðalsteinn Ingólfsson að orði í formála sýningar-skrár fyrir sýningu sem Ásgerður opnar á Kjarvalsstöðum í dag.

Vulkan heitir þetta verk Ásgerðar. Ljósm.: eik

Við hittum Ásgerði að máli er hún var að undirbúa sýninguna. Hún sagði að mörg verkanna á þessari sýningu hefðu verið á flakki um heiminn að undanförmu, sum allt að tvö ár, þau sem voru á sýningunni Scandinavia Today, önnur skemur svo sem verk af Borealis í Finnlandi og þau sem voru á sýningu hennar og Svavars Guðnasonar í Nikolaj-kirkjunni í Kaupmannahöfn í sumar. Ásgerður sagði að mikið hefði verið skrifað um sýningu þeirra Svavars í dönsk blöð og hún fengið lofsamlega dóma.

Flest listaverk Ásgerðar á sýningunni sem verður opnuð í dag eru stór og þau heita nöfnum eins og Eldland, Bláin, Elektra, Vulkan, Jörð, Sfinx og Dögun. Flest eru þau ofin í ull og hrosshár. Hún sagðist oft verða fyrir áhrifum af náttúruhamförum eins og þegar eldur er uppi á Íslandi, jafnvel þó að hún læsi aðeins um hann í blöðunum.

Sýning hjá Ásgerði er alltaf viðburður enda má hiklaust kalla að hún standi í fremstu röð veflistarmanna á Norðurlöndum.

-GFr

Gallerí Langbrók

Keramikverk Borghildar

Sýning á verkum Borghildar Óskarsdóttur stendur yfir um þessar mundir í Gallerí Langbrók. Borghildur stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Edinburg College of Art. Hún hélt einkasýningu í

Ásmundarsal árið 1983 og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga. Borghildur er félagi í Leirlistarfélaginu og er ein af Langbrókum. Sýningin er opin virka daga kl. 12 - 18 og um helgar kl. 14 - 18.

